

Fylgiskjal.

Safn Evrópuráðssamninga – nr. 201

Evrópuráðssamningur um vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun

Lanzarote, 25. október 2007

Formálsorð.

Aðildarríki Evrópuráðsins og aðrir undirritunaraðilar að samningi þessum,

sem líta til þess að markmið Evrópuráðsins sé að efla einingu meðal aðildarríkja þess,

sem líta til þess að sérhvert barn eigi rétt á þeirri vernd fjölskyldu sinnar, samfélags og ríkis sem það þarfnast vegna stöðu sinnar sem ólögráða barn,

benda á að kynferðisleg misneyting á börnum, einkum barnaklám og barnavændi, og kynferðisleg misnotkun á börnum í öllum myndum, þ.m.t. brot, sem eru framin erlendis, séu skaðleg heilsu barna og sálrænum og félagslegum þroska þeirra,

benda á að kynferðisleg misneyting og kynferðisleg misnotkun á börnum hafi aukist uggvænlega, bæði innan hvers lands og á alþjóðavísu, einkum að því er varðar aukna notkun, bæði barna og brotamanna, á upplýsinga- og fjarskiptatækni og að til að koma í veg fyrir og berjast gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum er þörf á alþjóðlegri samvinnu,

líta til þess að velferð og hagsmunir barna eru grundvallargildi, sem eru sameiginleg öllum aðildarríkjunum, og að þau verði að efla án nokkurrar mismununar,

minna á aðgerðaáætlun, sem þjóðhöfðingjar og ríkisstjórnarleiðtogar aðildarríkja Evrópuráðsins samþykktu í tilefni af þriðja fundi sínum (í Varsjá, 16.–17. maí 2005), þar sem þess er krafist að mótaðar verði ráðstafanir til að stöðva kynferðislega misneytingu á börnum,

minna sérstaklega á tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R (91) 11 um kynferðislega misneytingu á börnum, barnaklám og barnavændi, ásamt mansali barna og ungmenna, tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. Rec (2001) 16 um vernd barna gegn kynferðislegri

misneytingu og samninginn um tölvubrot (ETS nr. 185), einkum 9. gr. hans, svo og á Evrópuráðssamning um aðgerðir gegn mansali (CETS nr. 197),

hafa í huga sáttmálann um verndun mannréttinda og mannfrelsis (1950, ETS nr. 5), endurskoðaðan félagsmálasáttmála Evrópu (1996, ETS nr. 163) og Evrópusamninginn um réttindi barna (1996, ETS nr. 160),

hafa enn fremur í huga samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, einkum 34. gr. hans, valkvæða bókun við hann um mansal á börnum, barnavændi og barnaklám, bókun um að koma í veg fyrir, stöðva og refsa fyrir mansal, einkum á konum og börnum, samning Sameinuðu þjóðanna gegn fjölþjóðlegri, skipulagðri glæpastarfsemi sem og samþykkt Alþjóðavinnuárástofnunarinnar um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlaugar aðgerðir til að afnema hana,

hafa í huga rammaákvörðun ráðs Evrópusambandsins um baráttu gegn kynferðislegri misneytingu á börnum og barnaklámi (2004/68/DIM), rammaákvörðun ráðs Evrópusambandsins um stöðu brotþola við meðferð sakamála (2001/220/DIM) og rammaákvörðun ráðs Evrópusambandsins um baráttu gegn mansali (2002/629/DIM),

sem taka tilhlýðilegt tillit til annarra alþjóðlegra gerninga og áætlana, sem skipta máli á þessu sviði, einkum Stokkhólmsyfirlýsingarinnar og -aðgerðaáætlunarinnar, sem voru samþykktar á fyrsta heimsþinginu gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í ábataskyni (27.–31. ágúst 1996), alþjóðlegrar skuldbindingar Yokohama-ráðstefnunnar, sem samþykkt var á öðru heimsþinginu gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í ábataskyni (20.–21. nóvember 2001), ályktunar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna S-27/2, „Heimur fyrir börn“ (A world fit for children) og þriggja ára átaksverkefnisins „Evrópa fyrir og með börnum“ (Building a Europe for and with children), sem samþykkt var eftir þriðja leiðtogafundinn og hleypt af stokkunum á ráðstefnunni í Mónakó (4.–5. apríl 2006),

sem einsetja sér að leggja sitt af mörkum til að ná því sameiginlega markmiði að vernda börn gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun, hver sem brotamaðurinn kann að vera, og veita brotþolum aðstoð,

sem taka tillit til þess að nauðsynlegt er að undirbúa alþjóðlegan heildarlöggerning þar sem lögð er áhersla á fyrirbyggjandi atriði, verndun og refsiréttarlega þætti baráttunnar gegn hvers konar kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum og að koma á sérstöku eftirlitskerfi,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. kafli – Markmið, meginregla um bann við mismunun og skilgreiningar.

1. gr.– Markmið.

1. Markmiðin með samningi þessum eru:

a) að koma í veg fyrir og berjast gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum,

b) að vernda réttindi barna sem eru þolendur kynferðislegrar misneytingar og kynferðislegrar misnotkunar,

c) að efla samstarf um baráttuna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum hjá hverri þjóð og á alþjóðavísu.

2. Með samningi þessum er komið á fót sérstöku eftirlitskerfi til þess að unnt verði að tryggja skilvirka framkvæmd samningsaðila á ákvæðum hans.

2. gr. – Meginregla um bann við mismunun.

Framkvæmd samningsaðila á ákvæðum samnings þessa, einkum um aðgerðir til að vernda réttindi brotabola, skal tryggð án mismununar, s.s. á grundvelli kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungumáls, trúarbragða, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við minnihlutahóp, eigna, uppruna, kynhneigðar, heilsufars, fötlunar eða annarrar stöðu.

3. gr. – Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a) „barn“ merkir sérhvern einstakling undir átján ára aldri,

b) „kynferðisleg misneyting og kynferðisleg misnotkun á börnum“ skal taka til þess atferlis sem um getur í 18. til 23. gr. samnings þessa,

c) „brotaþoli“ merkir: hvert það barn sem sætir kynferðislegri misneytingu eða kynferðislegri misnotkun.

II. kafli – Fyrirbyggjandi ráðstafanir.

4. gr. – Meginreglur.

Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að koma í veg fyrir kynferðislega misneytingu og kynferðislega misnotkun á börnum í öllum myndum og til verndar börnum.

5. gr. – Ráðning, þjálfun og vitundarvakning fólks sem á samskipti við börn í starfi sínu.

1. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að vekja til vitundar um vernd og réttindi barna þá einstaklinga sem eiga reglulega samskipti við börn í tengslum við menntun, heilbrigðismál, félagslega vernd, réttar- og löggæslu og á sviðum sem tengjast íþróttá-, menningar- og frístundastarfi.

2. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að þeir einstaklingar sem um getur í 1. mgr. hafi fullnægjandi þekkingu á

kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum, á aðferðum til að greina slíkt og á því ráðrúmi sem um getur í 1. mgr. 12. gr.

3. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, í samræmi við eigin landslög til að tryggja að skilyrðin fyrir aðild að starfsgreinum, sem fela í sér regluleg samskipti við börn, tryggi að þeir sem sækja um að starfa í þeim greinum hafi ekki verið dæmdir fyrir kynferðislega misneytingu eða kynferðislega misnotkun á börnum.

6. gr. – Fræðsla fyrir börn.

Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að börn fái upplýsingar í grunn- og framhaldsskóla, sem miðast við þroska þeirra, um hættu á kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun og jafnframt um hvernig þau eigi að verja sig. Þessar upplýsingar, sem eru veittar í samstarfi við foreldra eftir því sem við á, skulu veittar á vettvangi almennrar kynfræðslu og skal lögð sérstök áhersla á áhættuaðstæður, einkum þær sem felast í notkun nýrrar upplýsinga- og fjarskiptatækni.

7. gr. – Forvarnaráætlanir eða -ráðstafanir.

Hver samningsaðili skal sjá til þess að einstaklingar, sem óttast að þeir kunni að fremja eitthvert þeirra brota, sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, hafi aðgang, eftir því sem við á, að skilvirkum, forvarnaráætlunum eða -ráðstöfunum sem byggjast á því að meta áhættu og að koma í veg fyrir hættu á að brot verði framin.

8. gr. – Ráðstafanir vegna almennings.

1. Hver samningsaðili skal stuðla að því, eða gangast fyrir herferð til, að efla skilning fólks með því að miðla upplýsingum um í hverju kynferðisleg misneyting og kynferðisleg misnotkun á börnum felst og um fyrirbyggjandi ráðstafanir sem unnt er að grípa til.

2. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að koma í veg fyrir eða banna dreifingu efnis þar sem brot, sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, eru gerð heyrinkunn.

9. gr. – Þátttaka barna, einkageirans, fjölmiðla og borgaralegs samfélags.

1. Hver samningsaðili skal hvetja til þátttöku barna, í samræmi við þroskastig þeirra, í þróun og framkvæmd stefnumiða ríkja, áætlana eða annarra framtaksverkefna í baráttunni gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum.

2. Hver samningsaðili skal hvetja aðila innan einkageirans, einkum á sviði upplýsinga- og fjarskiptatækni, ferðaþjónustu og ferðamannaíðnaðar og banka- og fjármálaþjónustu, svo og borgaralegt samfélag í heild, til að taka þátt í útfærslu og framkvæmd stefnumiða til að koma í veg fyrir kynferðislega misneytingu og kynferðislega misnotkun á börnum og til að framfylgja innri viðmiðunum með eigin reglusetningu eða reglusetningu með öðrum.

3. Hver samningsaðili skal hvetja fjölmiðla til að veita viðeigandi upplýsingar um allar hliðar kynferðislegrar misneytingar og kynferðislegrar misnotkunar á börnum, án þess þó að það hafi áhrif á tilhlýðilegt sjálfstæði fjölmiðla og prentfrelsi.

4. Hver samningsaðili skal stuðla að fjármögnun verkefna og áætlana á vegum hins borgaralega samfélags, þ.m.t. með því að stofna sjóði, ef við á, sem miða að því að koma í veg fyrir kynferðislega misneytingu og kynferðislega misnotkun á börnum og vernda börn gegn þess háttar ofbeldi.

III. kafli – Sérhæfð yfirvöld og samræmingaraðilar.

10. gr. – Ráðstafanir vegna samræmingar og samstarfs á landsvísu.

1. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samræmingu á landsvísu eða á tilteknum stöðum milli ólíkra stofnana, sem bera ábyrgð á vörnum á því að koma í veg fyrir og baráttu gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum, einkum stofnana á sviði fræðslu- og heilbrigðismála, félagsmálaþjónustu og löggæslu- og dómsmála.

2. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að koma á fót eða tilnefna:

a) sjálfstæðar, lögbærar stofnanir á landsvísu eða á tilteknum stöðum til eflingar og verndar réttindum barna og sjá til þess að þær hafi yfir að ráða tilteknum úrræðum og beri ákveðna ábyrgð,

b) gagnaöflunarkerfi eða miðstöðvar, á landsvísu eða á tilteknum stöðum og í samstarfi við borgaralegt samfélag, í þeim tilgangi að fylgjast með og meta í hverju kynferðisleg misneyting og kynferðisleg misnotkun á börnum felst, án þess þó að það hafi áhrif á tilhlýðilega vernd persónuupplýsinga.

3. Hver samningsaðili skal hvetja til samstarfs milli lögbærra landsyfirvalda, hins borgaralega samfélags og einkageirans í því skyni að koma betur í veg fyrir og berjast harðar gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum.

IV. kafli – Ráðstafanir til að vernda brotþola og veita þeim aðstoð.

11. gr. – Meginreglur.

1. Hver samningsaðili skal koma á skilvirkum, félagslegum áætlunum og þverfaglegu skipulagi í því skyni að veita brotþolum, nánum ættingjum þeirra og hverjum þeim sem ber ábyrgð á umönnun þeirra nauðsynlega aðstoð.

2. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að fást við tilvik þegar aldur brotþola er óljós og ástæða er til að ætla að hann sé barn, til að tryggja að hann njóti sérstakrar verndar og aðstoðar ætlaðar börnum meðan verið er að ganga úr skugga um aldur hans.

12. gr. – Tilkynningar um grunsemdir um kynferðislega misneytingu eða kynferðislega misnotkun.

1. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að reglur um þagnarskyldu samkvæmt ákvæðum landslaga,, sem tilteknu fagfólki, sem vegna vinnu sinnar á samskipti við börn, ber að fara eftir, komi ekki í veg fyrir að fyrrnefndu fagsfólki gefist ráðrúm til að skýra þjónustustofnunum, sem bera ábyrgð á barnavernd, frá hvers konar aðstæðum sem gefa því gilda ástæðu til að ætla að barn sé þolandi kynferðislegrar misneytingar eða kynferðislegrar misnotkunar.

2. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að hvetja alla aðila, sem hafa vitneskju um eða grunar, í góðri trú, að kynferðisleg misneyting eða kynferðisleg misnotkun á börnum eigi sér stað, til að skýra lögbærri þjónustustofnun frá því.

13. gr. – Hjálparlínur.

Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að hvetja til þess og styðja að komið verði á fót upplýsingaþjónustu, s.s. hjálparlínunum, símleiðis eða á Netinu, í því skyni að veita innhringjendum ráðgjöf, jafnvel í trúnaði eða með tilhlýðilegu tilliti til nafnleyndar þeirra.

14. gr. – Aðstoð við brotþola.

1. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að aðstoða brotþola, til skamms eða langs tíma litið, við að ná aftur heilsu í líkamlegu, sálrænu og félagslegu tilliti. Með ráðstöfunum, sem gerðar eru samkvæmt þessari málsgrein, skal tekið tilhlýðilegt tillit til viðhorfa, þarfa og áhyggjuefna barnsins.

2. Hver samningsaðili skal gera ráðstafanir, samkvæmt skilyrðum sem kveðið er á um í landslögum hans, er lúta að samstarfi við frjáls félagasamtök, önnur hlutaðeigandi samtök eða aðrar undirstöðustofnanir borgaralegs samfélags sem veita brotþolum aðstoð.

3. Ef foreldrar eða aðrir, sem annast barnið, eiga þátt í kynferðislegri misneytingu eða kynferðislegri misnotkun á því skulu afskipti skv. 1. mgr. 11. gr. meðal annars felast í þeim kosti:

– að koma meintum brotamanni burt,

– að koma brotþola burt úr fjölskylduumhverfi hans. Ákvarða skal skilyrði og lengd slíks burtflutnings í samræmi við það sem þjónar hagsmunum barnsins best.

4. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að sjá til þess að einstaklingar, sem nánir eru brotþola, fái, eftir því sem við á, aðstoð í formi meðferðar, einkum neyðaraðstoð sálfræðings.

V. kafli – Áætlanir eða ráðstafanir um afskipti.

15. gr. – Almennar meginreglur.

1. Hver samningsaðili skal, í samræmi við landslög sín, ábyrgjast eða stuðla að skilvirkum áætlunum eða ráðstöfunum um afskipti af þeim einstaklingum, sem um getur í 1. og 2. mgr. 16. gr., með það í huga að koma í veg fyrir eða draga, eins og kostur er, úr hættu á ítrekuðum kynferðisbrotum gegn börnum. Unnt skal vera að grípa til þess háttar áætlana eða ráðstafana hvenær sem er meðan á dómsmeðferð stendur, innan eða utan fangelsis, í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í landslögum.

2. Hver samningsaðili skal, í samræmi við landslög sín, ábyrgjast eða stuðla að því að fram fari samvinna eða hvers konar samstarf milli lögbærra yfirvalda, einkum milli heilbrigðisþjónustu og félagsmálaþjónustu og dómsmálayfirvalda og annarra aðila sem eru ábyrgir fyrir því að fylgjast með einstaklingunum sem um getur í 1. og 2. mgr. 16. gr.

3. Hver samningsaðili skal, í samræmi við landslög sín, leggja mat á það hve hættulegir þeir einstaklingar eru sem um getur í 1. og 2. mgr. 16. gr. og hugsanlega hættu á ítrekuðum brotum, sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, í því skyni að greina hvaða áætlanir eða ráðstafanir eiga við.

4. Hver samningsaðili skal, í samræmi við landslög sín, kveða á um mat á skilvirkni þeirra áætlana og ráðstafana sem framkvæmdar og gerðar hafa verið.

16. gr. – Andlög áætlana eða ráðstafana um afskipti.

1. Hver samningsaðili skal, í samræmi við landslög sín, sjá til þess að einstaklingar, sem eru saksóttir fyrir einhver þeirra brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, geti nýtt sér áætlanir eða ráðstafanir, sem um getur í 1. mgr. 15. gr., samkvæmt skilyrðum sem hvorki eru skaðleg né stríða gegn rétti til að halda uppi vörnum eða gegn kröfum um réttláta og óhlutdræga dómsmeðferð, einkum með tilliti til meginreglunnar um sakleysi uns sekt er sönnuð.

2. Hver samningsaðili skal, í samræmi við landslög sín, sjá til þess að einstaklingar, sem sakfelldir hafa verið fyrir einhver þau brot sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, geti nýtt sér áætlanir eða ráðstafanir sem um getur í 1. mgr. 15. gr.

3. Hver samningsaðili skal, í samræmi við landslög sín, sjá til þess að gerðar séu áætlanir eða ráðstafanir um afskipti eða að þær séu aðlagðar að þroska þeirra barna sem gera sig sek um kynferðisbrot, þ.m.t. þau sem ekki hafa náð tilskildum sakhæfisaldri, með það að markmiði að takast á við kynferðisleg hegðunarvandamál þeirra.

17. gr. – Upplýsingar og samþykki.

1. Hver samningsaðili skal, í samræmi við landslög sín, sjá til þess að þeir einstaklingar, sem um getur í 16. gr. og lagt hefur verið til að verði andlög áætlana eða ráðstafana um afskipti, séu vel upplýstir um ástæður þess konar tillögu og samþykki áætlanirnar eða ráðstafanirnar með fullri vitneskju um staðreyndir málsins.

2. Hver samningsaðili skal, í samræmi við landslög sín, sjá til þess að þeir einstaklingar sem lagt hefur verið til að verði andlög áætlana eða ráðstafana um afskipti geti neitað að taka þátt í þeim og þegar um ræðir einstaklinga sem hafa verið sakfelldir, að þeir verði upplýstir um hugsanlegar afleiðingar sem neitun gæti haft í för með sér.

IV. kafli – Efnislegur refsiréttur.

18. gr. – Kynferðisleg misnotkun.

1. Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að eftirtaldir verknaðir, unnir af ásetningi, séu lýstir refsiverðir:

a) að taka þátt í kynlífsathöfnum með barni sem, samkvæmt viðeigandi ákvæðum landslaga, hefur ekki náð löglegum aldri til kynlífsathafna,

b) að taka þátt í kynlífsathöfnum með barni ef:

– beitt er nauðung, ofbeldi eða hótunum eða

– misnotuð er viðurkennd staða sem byggist á trausti barnsins eða valdi eða áhrifum yfir því, þ.m.t. innan fjölskyldunnar, eða

– misnotaðar eru aðstæður þar sem barnið er sérstaklega varnarlaust, einkum vegna geðrænnar eða líkamlegrar fötlunar eða vegna þess hve það er öðrum háð.

2. Að því er varðar 1. mgr. hér að framan skal hver sammingsaðili ákvarða hver skuli vera lágmarksaldur sem bann við kynlífsathöfnum með börnum miðast við.

3. Ákvæðum a-liðs 1. mgr. er ekki ætlað að gilda um kynlífsathafnir milli ólögráða barna sem eiga sér stað með gagnkvæmu samþykki þeirra.

19. gr. – Brot sem varða barnavændi.

1. Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að eftirtaldir verknaðir, unnir af ásetningi, séu lýstir refsiverðir:

- a) að ráða barn til að stunda vændi eða verða valdur að því að barn taki þátt í vændi,
- b) að þvinga barn í vændi eða hagnast á slíku eða misnota með öðrum hætti barn í slíkum tilgangi,
- c) að notfæra sér þjónustu barnavændis.

2. Í þessari grein merkir hugtakið „barnavændi“ það að nota barn til kynlífsathafna gegn peningagreiðslu, þóknun eða endurgjaldi í einhverri annarri mynd, sem innt er af hendi eða lofað, án tillits til þess hvort greiðslan, loforðið eða endurgjaldið er afhent barninu eða þriðja aðila.

20. gr. – Brot sem varða barnaklám.

1. Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að eftirtaldir verknaðir, unnir af ásetningi séu lýstir refsiverðir þegar réttur til slíks er ekki fyrir hendi:

- a) að framleiða barnaklám,
- b) að bjóða eða útvega barnaklám,
- c) að annast dreifingu og útsendingu á barnaklámi,
- d) að útvega sér eða öðrum barnaklám,
- e) að hafa barnaklám í vörslum sínum,

f) að afla sér, vitandi vits, aðgangs að barnaklámi með tilstyrk upplýsinga- og fjarskiptatækni.

2. Í þessari grein merkir hugtakið „barnaklám“ hvert það efni sem sýnir barn í raunverulegum athöfnum eða hermiathöfnum, sem greinilega eru kynferðislegar, eða hvers konar myndræna framsetningu á kynfærum barns sem hefur fyrst og fremst kynferðislegan tilgang.

3. Hver sammingsaðili getur áskilið sér rétt til að beita ekki, að hluta eða í heild, ákvæðum a-til e-liðar 1. mgr. gegn framleiðslu eða vörslu klámefnis:

– sem er einvörðungu myndræn hermiframsetning eða myndir sem virðast raunverulegar af barni sem er ekki raunverulegt,

– sem tekur til barna, sem hafa náð þeim aldri sem er ákvarðaður að því er varðar beitingu 2. mgr. 18. gr., ef þau framleiða myndirnar og hafa þær í sinni vörslu með eigin samþykki og einvörðungu til eigin nota.

4. Hver sammingsaðili getur áskilið sér rétt til að beita ekki ákvæðum f-liðar 1. mgr., að hluta eða í heild.

21. gr. – Brot sem varða þátttöku barns í klámsýningum.

1. Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að eftirtaldir verknaðir, unnir af ásetningi, séu lýstir refsiverðir:

a) að ráða barn til að taka þátt í klámsýningu eða verða valdur að því að barn taki þátt í þess háttar sýningu,

b) að þvinga barn til að taka þátt í klámsýningum eða hagnast á eða misnota með öðrum hætti barn í slíkum tilgangi,

c) að sækja vitandi vits klámsýningar sem börn taka þátt í.

2. Hver sammingsaðili getur áskilið sér rétt til að takmarka beitingu ákvæða c-liðar 1. mgr. við tilvik þar sem börn hafa verið ráðin eða þvinguð í samræmi við a- eða b-lið 1. mgr.

22. gr. – Spilling barna.

Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að lýsa það refsivert að valda því vísvitandi, í kynferðislegum tilgangi, að barn, sem hefur ekki náð þeim aldri sem ákvarðaður er við beitingu 2. mgr. 18. gr., verði vitni að kynferðislegri misnotkun eða kynferðislegum athöfnum, jafnvel án þátttöku þess.

23. gr. – Falast eftir börnum í kynferðislegum tilgangi.

Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að lýsa refsivert vísvitandi tilboð fullorðins manns, með tilstyrk upplýsinga- og fjarskiptatækni, um að hitta barn, sem hefur ekki náð þeim aldri sem ákvarðaður er við beitingu 2. mgr. 18. gr., í þeim tilgangi að fremja eitthvert það brot gegn því sem lýst er refsivert skv. a-lið 1. mgr. 18. gr. eða a-lið 1. mgr. 20. gr., ef tilboðinu hefur verið fylgt eftir með eiginlegum athöfnum sem leiða til fundar þeirra.

24. gr. – Aðstoð við brot eða hvatning til brots og tilraun til brots.

1. Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að aðstoð við eða hvatning til brota, sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, teljist refsivert brot ef um ásetning er að ræða.

2. Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til þess að tilraun til að fremja brot, sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, teljist refsilegt brot ef um ásetning er að ræða.

3. Hver samningsaðili getur áskilið sér rétt til að beita ekki, að hluta eða í heild, ákvæðum 2. mgr. gagnvart brotum sem lýst eru refsiverð skv. b-, d-, e- og f-lið 1. mgr. 20. gr., c-lið 1. mgr. 21. gr., 22. gr. og 23. gr.

25. gr. – Lögsaga.

1. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til þess að hann geti fellt undir lögsögu sína öll brot, sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, þegar brot er framið:

- a) á yfirráðasvæði hans eða
- b) um borð í skipi sem siglir undir fána fyrrnefnds samningsaðila eða
- c) um borð í loftfari sem er skráð samkvæmt lögum fyrrnefnds samningsaðila eða
- d) af ríkisborgara hans eða
- e) af einstaklingi sem hefur fasta búsetu á yfirráðasvæði hans.

2. Hver samningsaðili skal kappkosta að gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að fella undir lögsögu sína öll brot, sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, ef brotið er framið gegn ríkisborgara hans eða einstaklingi sem hefur fasta búsetu á yfirráðasvæði hans.

3. Hverjum samningsaðila er heimilt, við undirritun eða þegar skjal hans um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, að afhenda framkvæmdastjóra Evrópuráðsins yfirlýsingu um að hann áskilji sér rétt til að beita ekki eða beita aðeins í sérstökum tilvikum eða við sérstakar aðstæður þeim reglum um lögsögu sem mælt er fyrir um í e-lið 1. mgr. þessarar greinar.

4. Að því er varðar saksókn vegna brota, sem lýst eru refsiverð í samræmi við ákvæði 18. og 19. gr., a-liðar 1. mgr. 20. gr. og a- og b-liðar 1. mgr. 21. gr. samnings þessa, skal hver samningsaðili gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að lögsaga hans, að því er varðar d-lið 1. mgr., víki ekki fyrir því skilyrði að verknaðir séu gerðir refsiverðir á þeim stað þar sem þeir voru framdir.

5. Hver samningsaðili getur, við undirritun eða þegar skjal hans um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, gefið yfirlýsingu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins um að hann áskilji sér rétt til að takmarka beitingu 4. mgr. þessarar greinar með tilliti til brota, sem lýst eru refsiverð í samræmi við ákvæði annars og þriðja undirliðar b-liðar 1. mgr. 18. gr., ef ríkisborgari hans hefur fasta búsetu á yfirráðasvæði hans.

6. Að því er varðar saksókn vegna brota, sem lýst eru refsiverð í samræmi við ákvæði 18. og 19. gr., a-liðar 1. mgr. 20. gr. og 21. gr. samnings þessa, skal hver samningsaðili gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að lögsaga hans, að því er varðar d- og e-lið 1. mgr., víki ekki fyrir því skilyrði að saksókn geti aðeins hafist eftir að skýrsla hefur verið tekin af brotapolu eða ákæra lögð fram af hálfu ríkisins sem brotið var framið í.

7. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða með öðrum hætti, til að fella undir lögsögu sína brot, sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, þegar meintur brotamaður er staddur á yfirráðasvæði samningsaðilans og hann framselur brotamanninn ekki öðrum samningsaðila á grundvelli ríkisfangs hans einvörðungu.

8. Geri fleiri en einn samningsaðili kröfu um lögsögu vegna meints brots, sem lýst er refsivert í samræmi við ákvæði samnings þessa, skulu hlutaðeigandi samningsaðilar hafa með sér samráð, þar sem það á við, í því skyni að ákveða innan hvaða lögsögu heppilegast sé að viðkomandi verði sóttur til saka.

9. Samningur þessi útilokar ekki, samanber þó reglur almenns þjóðaréttar, að beitt sé sérhverri þeirri refsiréttarlögsögu sem aðildarríki ber samkvæmt landslögum sínum.

26. gr. – Ábyrgð lögaðila.

1. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að unnt sé að lýsa ábyrgð á hendur lögaðila fyrir brot, sem lýst er refsivert í samræmi við ákvæði samnings þessa og einstaklingur fremur í þágu lögaðilans, annaðhvort einn eða með öðrum starfsmönnum lögaðilans, þ.e. einstaklingur sem gegnir starfi stjórnanda sem reist er á:

a) heimild til að koma fram fyrir hönd lögaðilans,

b) umboði til að taka ákvarðanir fyrir hönd lögaðilans,

c) umboði til að segja fyrir verkum hjá lögaðilanum.

2. Auk þeirra tilvika sem þegar er kveðið á um í 1. mgr. skal hver samningsaðili gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að unnt sé að lýsa ábyrgð á hendur lögaðila, hafi skortur á eftirliti eða stjórnun af hálfu einstaklings, sem um getur í 1. mgr., gert einstaklingi, sem starfar í umboði hans, kleift að fremja brot, sem lýst er refsivert í samræmi við ákvæði samnings þessa, lögaðilanum til hagsbóta.

3. Ábyrgð lögaðila getur, með fyrirvara um innlendan rétt samningsaðilans, verið refsiréttarlegs, einkamálaréttarlegs eða stjórnsýslulegs eðlis.

4. Slík ábyrgð hefur engin áhrif á refsíábyrgð þeirra einstaklinga sem hafa framið brotið.

27. gr. – Viðurlög og ráðstafanir.

1. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að viðurlög við brotum, sem lýst hafa verið refsiverð í samræmi við ákvæði samnings þessa, séu skilvirk, meðalhófskennd og hafi varnaðaráhrif, að teknu tillit til þess hve alvarleg þau eru. Viðurlög þessi skulu taka til refsinga sem fela í sér frjálrsæðissviptingu og geta leitt til framsals.

2. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að lögaðilar, sem gerðir eru ábyrgir í samræmi við ákvæði 26. gr., sæti viðurlögum, sem eru skilvirk, meðalhófskennd og hafa varnaðaráhrif, og felast í fésektum samkvæmt hegningarlögum eða öðrum lögum, en geta falist í öðrum aðgerðum, einkum:

a) sviptingu réttar til bóta eða aðstoðar frá hinu opinbera,

b) tímabundinni eða varanlegri sviptingu réttar til að stunda viðskipti,

c) eftirliti dómara,

d) réttartilskipun um félagsslit.

3. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að:

a) kveða á um haldlagningu og upptöku á:

– búnaði, skjölum og öðrum tækjum sem notuð voru til að fremja brotin, sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, eða til að auðvelda framkvæmd þeirra,

– afrakstri af slíkum brotum eða eignum sem jafngilda fjárhæð sem samsvarar slíkum afrakstri,

b) greiða fyrir tímabundinni eða endanlegri lokun allra fyrirtækja, sem notuð voru til að fremja hvert það brot sem lýst er refsivert samkvæmt samningi þessum, með fyrirvara um réttindi grandalausra þriðju aðila eða fyrir því að brotamaður verði látinn hætta tímabundið eða endanlega þeirri atvinnustarfsemi eða sjálfböðavinnu sem felur í sér umgengni við börn og stunduð var þegar brotið var framið.

4. Hver samningsaðili getur samþykkt aðrar ráðstafanir í tengslum við brotamenn, s.s. að svipta þá þeim rétti sem foreldrum er tryggður eða að vakta dæmda einstaklinga eða hafa eftirlit með þeim.

5. Hver samningsaðili getur komið á því fyrirkomulagi að afrakstur af broti eða eign, sem gerð er upptæk samkvæmt þessari grein, megi leggja í sérstakan sjóð til að fjármagna fyrirbyggjandi áætlanir og aðstoð við þolendur brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.

28. gr. – Aðstæður sem auka á sagnæmi.

Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að unnt sé, í samræmi við viðeigandi ákvæði landslaga, að taka tillit til eftirfarandi kringumstæðna, að því marki sem þær eru ekki þegar hluti af brotinu, sem atriða til þyngingar refsingar fyrir brot sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum:

a) brotið hafði alvarleg áhrif á líkamlega eða geðræna heilsu brotþola,

b) áður en brotið var framið eða meðan það var framið sætti brotþoli pyntingum eða alvarlegu ofbeldi,

c) brotið var framið gegn sérstaklega varnarlausum þolanda,

d) brotamaðurinn var fjölskyldumeðlimur, var í heimili á sama stað og barnið eða var einstaklingur sem misnotaði stöðu sína,

e) brotið frömdu nokkrir einstaklingar í sameiningu,

f) brotið var framið á vegum glæpasamtaka,

g) brotamaðurinn hafði áður verið sakfelldur fyrir sams konar brot.

29. gr. – Fyrri sakfellingar.

Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að unnt verði, þegar viðurlög eru ákveðin, að taka tillit til lokadómsuppkvaðningar hjá öðrum sammingsaðila í tengslum við brot sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.

VII. kafli – Rannsókn, saksókn og réttarfarsreglur.

30. gr. – Meginreglur.

1. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að við rannsókn brota og dómsmeðferð þeirra sé tekið mið af hagsmunum og réttindum barnsins.

2. Hver samningsaðili skal veita brotaþolum vernd með því að sjá til þess að rannsókn brota og dómsmeðferð þeirra geri ekki áfallið, sem barnið varð fyrir, enn verra og að aðstoð sé veitt eftir að réttarkerfið bregst við, ef við á.

3. Hver samningsaðili skal tryggja að rannsókn brota og dómsmeðferð þeirra hafi forgang og séu án óréttmætra tafa.

4. Hver samningsaðili skal sjá til þess að ráðstafanir, sem falla undir þennan kafla, skerði ekki rétt varnaraðila og kröfur um réttlát og hlutlaus réttarhöld í samræmi við 6. gr. sáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis.

5. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, í samræmi við grundvallarreglur landslaga sinna til að:

– tryggja skilvirka rannsókn og saksókn vegna brota, sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, og heimila leynilegar aðgerðir ef við á,

– gera deildum eða rannsóknaraðilum kleift að bera kennsl á þolendur brota, sem lýst eru refsiverð í samræmi við 20. gr., einkum með því að greina efni sem hefur að geyma barnaklám, s.s. ljósmyndir og hljóð- og myndupptökur, sem sendar eru út eða gerðar aðgengilegar með notkun upplýsinga- og fjarskiptatækni.

31. gr. – Almennar verndarráðstafanir.

1. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að vernda réttindi og hagsmuni brotþola, þ.m.t. sérstakar þarfir þeirra sem vitna, á öllum stigum rannsóknar brota og dómsmeðferðar þeirra, einkum með því:

a) að gera þeim grein fyrir réttindum sínum og þeirri þjónustu sem þeim stendur til boða og þeirri meðferð sem kæruefni þeirra fær, ákærum, almennri framvindu rannsóknar brotsins eða dómsmeðferðar þess og hlutverki þeirra í henni, sem og niðurstöðu í málum þeirra, nema þeir óski ekki eftir þess háttar upplýsingum,

b) að tryggja, a.m.k. í þeim tilvikum þegar brotþolar og fjölskyldur þeirra kynnu að vera í hættu, að heimilt sé að gera þeim viðvart, ef nauðsyn krefur, þegar saksóttur eða sakfelldur maður er leystur úr haldi tímabundið eða endanlega,

c) að gera þeim kleift, á þann hátt sem samrýmist réttarfarsreglum landslaga samningsaðilans, að flytja mál sitt, gefa vitnisburð og segja til um hvernig þeir vilja að viðhorf þeirra, þarfir og áhyggjuefni séu sett fram, beint eða með aðstoð milliliðar, og um þau fjallað,

d) að veita þeim viðeigandi stuðningsþjónustu til þess að réttindi þeirra og hagsmunir séu sett fram með tilhlýðilegum hætti og tekið tillit til þeirra,

e) að vernda friðhelgi einkalífs þeirra og ímynd og halda nöfnum þeirra leyndum og gera ráðstafanir í samræmi við landslög til að koma í veg fyrir að upplýsingum, sem gætu orðið til þess að borin yrðu kennsl á þá, sé miðlað til almennings,

f) að tryggja að þeir og jafnframt fjölskyldur þeirra og þeir sem bera vitni fyrir þeirra hönd séu örugg fyrir ógnunum, hefndum og ítrekuðum skaða,

g) að tryggja að komist verði hjá samgangi milli brotþola og brotamanna innan dómstóla og í húsakynnum löggæslustofnana, nema lögbær yfirvöld ákveði annað vegna hagsmuna barnsins eða þegar rannsókn brots eða dómsmeðferð þess krefst slíks samgangs.

2. Hver sammingsaðili skal tryggja að brotapolar hafi, allt frá því að þeir komast fyrst í samband við lögbær yfirvöld, aðgang að upplýsingum um viðeigandi dóms- og stjórnarsýslumeðferð.

3. Hver sammingsaðili skal tryggja að brotapolar fái réttaraðstoð, endurgjaldslaust þegar ástæða er til, þegar hugsanlegt er að þeir fái stöðu aðila í meðferð sakamáls fyrir dómi.

4. Hver sammingsaðili skal gefa dómsmálayfirvöldum kost á að tilnefna sérstakan réttargæslumann brotþola þegar hann, samkvæmt landslögum, kann að fá stöðu aðila í meðferð sakamáls fyrir dómi og þeir sem fara með forræði barnsins eru útilokaðir frá því að vera forsvarsmenn þess í slíkum réttarhöldum vegna hagsmunaárekstra þeirra og brotþolans.

5. Hver sammingsaðili skal kveða á um, með lagasetningu eða öðrum hætti og í samræmi við skilyrði sem landslög hans mæla fyrir um, að hópar, stofnanir, samtök eða stofnanir hins opinbera eða frjáls félagasamtök eigi þess kost að veita brotþolum aðstoð og/eða stuðning, með samþykki þeirra, meðan dómsmeðferð stendur yfir vegna brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.

6. Hver sammingsaðili skal tryggja að upplýsingarnar, sem brotþolum eru veittar í samræmi við ákvæði þessarar greinar, séu veittar þannig að hæfi aldri þeirra og þroska og á tungumáli sem þeir skilja.

32. gr. – Upphaf dómsmeðferðar.

Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að rannsókn á brotum eða saksókn vegna brota, sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum, sé óháð skýrslugjöf eða sakargiftum brotþola og að dómsmeðferð geti haldið áfram, jafnvel þótt brotþoli hafi dregið yfirlýsingar sínar til baka.

33. gr. – Fyrningarákvæði.

Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að fyrningarfrestur til málshöfðunar vegna brota, sem lýst hafa verið refsiverð skv. 18. gr., a- og b-lið 1. mgr. 19. gr. og a- og b-lið 1. mgr. 21. gr., framlengist um þann tíma sem

er nauðsynlegur til þess að unnt sé að hefja málsmeðferð með árangursríkum hætti eftir að brotapolí hefur náð lögdri og sem samsvarar alvarleika þess glæps er um ræðir.

34. gr. – Rannsóknir.

1. Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að einstaklingar, deildir eða þjónustuaðilar, sem annast rannsóknir, séu sérhæfðir til þess að berjast gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum eða að einstaklingar hljóti þjálfun í því skyni. Slíkar deildir eða þjónustuaðilar skulu hafa yfir nægu fjármagni að ráða.

2. Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að óvissa um raunverulegan aldur brotþola komi ekki í veg fyrir að rannsókn sakamáls geti hafist.

35. gr. – Viðtöl við barnið.

1. Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja:

a) að viðtöl við barnið fari fram án ótilhlýðilegrar tafar eftir að þar til bærum yfirvöldum hefur verið skýrt frá málavöxtum,

b) að viðtöl við barnið fari, ef nauðsyn krefur, fram í húsakynnum sem eru sérstaklega gerð eða breytt til að þjóna þeim tilgangi,

c) að sérfræðingar, sem eru sérþjálfaðir á þessu sviði, taki viðtöl við barnið,

d) að sömu einstaklingar taki, ef það er unnt og viðeigandi, öll viðtöl við barnið,

e) að viðtöl séu eins fá og frekast er unnt og miðist eingöngu við sjálfa dómsmeðferð málsins,

f) að barnið geti verið í fylgd lagalegs fyrirvarsmanns síns eða, ef við á, fullorðins manns sem það velur, nema rökstudd ákvörðun hafi verið tekin um hið gagnstæða að því er þann einstakling varðar.

2. Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að öll viðtöl við brotþola eða, eftir því sem við á, viðtöl við barn sem vitni megi taka upp á myndupptökutæki og að myndupptökur af þeim viðtölum megi samþykkja sem vitnisburð meðan á réttarhöldum stendur samkvæmt reglum sem landslög sammingsaðila kveða á um.

3. Þegar aldur brotþola er óljós og ástæða er til að ætla að brotþoli sé barn skal grípa til þeirra ráðstafana sem er lýst í 1. og 2. mgr. meðan gengið er úr skugga um aldur hans.

36. gr. – Meðferð fyrir sakamáladómstóli.

1. Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja, að teknu tilhlýðilegu tilliti til reglna um sjálfstæði starfsstétta lögmanna, að allir, sem hlut eiga að dómsmálinu, eigi kost á fræðslu um réttindi barna og um kynferðislega misneytingu og kynferðislega misnotkun þeirra, einkum dómarar, saksóknarar og lögmenn.

2. Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja, samkvæmt þeim reglum sem landslög hans kveða á um:

a) að hlutaðeigandi dómari geti mælt svo fyrir að réttarhald fari fram fyrir luktum dyrum,

b) að unnt sé að hlýða á vitnisburð brotþola í dómsal, að honum fjarstöddum, með hjálp viðeigandi fjarskiptatækni.

VIII. kafli – Skráning og geymsla gagna.

37. gr. – Skráning og geymsla gagna sammingsaðila um dæmda kynferðisbrotamenn.

1. Í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og saksækja fyrir þau brot sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum skal hver sammingsaðili gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að safna og geyma, samkvæmt viðeigandi ákvæðum um vernd persónuupplýsinga og öðrum viðeigandi reglum og tryggingum eins og landslög mæla fyrir um, gögn um kenni og erfðamynstur (DNA) einstaklinga sem sakfelldir hafa verið fyrir brot sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.

2. Hver sammingsaðili skal, samtímis því að hann afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, skýra framkvæmdastjóra Evrópuráðsins frá heiti og aðsetri eins yfirvalds í landi sínu sem annast þau mál er um getur í 1. mgr.

3. Hver sammingsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að unnt sé að senda þær upplýsingar er um getur í 1. mgr. til lögbærs yfirvalds annars sammingsaðila í samræmi við þau skilyrði sem landslög þess fyrrnefnda og viðeigandi alþjóðlegir gerningar kveða á um.

IX. kafli – Alþjóðleg samvinna.

38. gr. – Meginreglur um og ráðstafanir vegna alþjóðlegrar samvinnu.

1. Sammingsaðilar skulu eiga eins víðtækt samstarf sín á milli og frekast er unnt, samkvæmt ákvæðum samnings þessa og með því að beita viðeigandi alþjóðlegum og svæðisbundnum gerningum, fyrirkomulagi, sem samkomulag er um á grundvelli samhljóða eða gagnvirkrar löggjafar, og landslögum, í því skyni:

a) að koma í veg fyrir og berjast gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum,

b) að vernda brotþola og veita þeim aðstoð,

c) að rannsaka eða reka mál vegna brota sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.

2. Hver samningsaðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir, með lagasetningu eða öðrum hætti, til að tryggja að þolendur brots, sem lýst er refsivert samkvæmt samningi þessum á yfirráðasvæði annars samningsaðila en þess þar sem þeir hafa fasta búsetu, geti lagt fram kæru hjá lögbærum yfirvöldum í búseturíki sínu.

3. Ef samningsaðili, sem gerir að skilyrði að í gildi sé samningur um gagnkvæma réttaraðstoð í saka- eða framsalsmálum, fær beiðni um réttaraðstoð eða framsal frá samningsaðila, sem hann hefur ekki gert slíkan samning við, getur sá fyrrnefndi litið svo á að samningur þessi sé lagagrundvöllur fyrir gagnkvæmri réttaraðstoð í saka- eða framsalsmálum að því er varðar þau brot sem lýst eru refsiverð samkvæmt samningi þessum.

4. Hver samningsaðili skal kappkosta að fella, eftir því sem við á, forvarnir og baráttu gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum inn í áætlanir um þróunaraðstoð sem eru í þágu þriðju ríkja.

X. kafli – Eftirlitskerfi.

39. gr. – Nefnd samningsaðilanna.

1. Nefnd samningsaðila skal skipuð fulltrúum aðila að samningi þessum.

2. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal kveðja saman nefnd samningsaðila. Fyrsta fundinn skal halda innan árs frá því að samningur þessi öðlast gildi gagnvart tíunda undirritunaraðila sem hefur fullgilt hann. Eftir það kemur nefndin saman þegar a.m.k. þriðjungur samningsaðilanna eða framkvæmdastjóri Evrópuráðsins fer fram á það.

3. Nefnd samningsaðilanna setur sér starfsreglur.

40. gr. – Aðrir fulltrúar.

1. Þing Evrópuráðsins, mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, Evrópunefnd um afbrotamálefni (CDPC) og aðrar viðkomandi milliríkjanefndir Evrópuráðsins, skulu hver fyrir sig tilnefna fulltrúa í nefnd samningsaðilanna.

2. Ráðherranefndin getur boðið öðrum stofnunum Evrópuráðsins að tilnefna fulltrúa í nefnd samningsaðilanna eftir að hafa ráðfært sig við hana.

3. Fulltrúar hins borgaralega samfélags, einkum frjáls félagasamtök, geta orðið áheyrnarfulltrúar í nefnd samningsaðilanna í samræmi við þá málsmeðferð sem viðtekin er samkvæmt viðeigandi reglum Evrópuráðsins.

4. Fulltrúar, sem tilnefndir eru skv. 1.–3. mgr. hér að framan, skulu taka þátt í fundum nefndar samningsaðilanna án atkvæðisréttar.

41. gr. – Störf nefndar samningsaðilanna.

1. Nefnd samningsaðila skal fylgjast með framkvæmd samnings þessa. Í starfsreglum nefndar samningsaðilanna skal mæla fyrir um það verklag sem fylgja ber þegar meta skal framkvæmd samnings þessa.

2. Nefnd samningsaðilanna skal greiða fyrir söfnun, greiningu og skiptum á upplýsingum, reynslu og góðum starfsvenjum milli ríkja í því skyni að auka getu þeirra til að koma í veg fyrir og berjast gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun á börnum.

3. Nefnd samningsaðilanna skal einnig, eftir því sem við á:

a) greiða fyrir skilvirkri notkun og framkvæmd samnings þessa, m.a. því að koma auga á hvers kyns vanda og áhrif hvers konar gefinna yfirlýsinga eða gerðra fyrirvara samkvæmt samningi þessum,

b) láta í ljós álit á öllum álitaeftum sem varða beitingu samnings þessa og greiða fyrir upplýsingaskiptum um mikilsverða þróun á sviði laga og réttar, stefnumörkunar eða tæknimála.

4. Skrifstofa Evrópuráðsins skal aðstoða nefnd samningsaðilanna við að sinna störfum sínum samkvæmt þessari grein.

5. Skýra ber Evrópunefnd um afbrotamálefni reglulega frá þeirri starfsemi sem um ræðir í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

XI. kafli – Tengsl við aðra alþjóðlega gerninga.

42. gr. – Tengsl við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og valfrjálsa bókun við hann um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám.

Samningur þessi hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur sem leiðir af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og valfrjálsri bókun við þann samning um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám og er fyrirnefnda samningnum ætlað að efla þá vernd sem síðarnefndi samningurinn og bókun við hann kveða á um og þróa og bæta við þær viðmiðanir sem í þeim felast.

43. gr. – Tengsl við aðra alþjóðlega gerninga.

1. Samningur þessi hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur sem leiðir af ákvæðum annarra alþjóðlegra gerninga sem aðilar að samningi þessum eru aðilar að eða verða aðilar að og hafa að geyma ákvæði um málefni, sem samningur þessi tekur til, sem veita meiri vernd og aðstoð við börn sem eru þolendur kynferðislegrar misneytingar eða kynferðislegrar misnotkunar.

2. Aðilar að samningi þessum geta gert með sér tvíhliða eða marghliða samninga um þau málefni sem samningur þessi tekur til í því skyni að auka við eða styrkja ákvæði hans eða stuðla að því að meginreglum hans sé beitt.

3. Samningsaðilar, sem eru aðildarríki Evrópusambandsins, skulu beita, í samskiptum sín á milli, reglum Evrópubandalagsins og Evrópusambandsins, að því marki sem í gildi eru reglur Evrópuandalagsins eða Evrópusambandsins, sem taka til hins tiltekna viðfangsefnis hverju sinni og eiga við það mál er um ræðir, án þess að það hafi áhrif á markmið og tilgang samnings þessa og án þess að það hafi áhrif á beitingu ákvæða hans til hlítar með öðrum samningsaðilum.

XII. kafli – Breytingar á samningnum.

44. gr. – Breytingar.

1. Allar tillögur um breytingu á samningi þessum, sem samningsaðili leggur fram, skal senda framkvæmdastjóra Evrópuráðsins sem kemur þeim á framfæri við aðildarríki Evrópuráðsins, hvert undirritunarriki, hvert samningsríki, Evrópubandalagið, hvert ríki sem boðið er að undirrita samning þennan í samræmi við ákvæði 1. mgr. 45. gr. og hvert ríki sem boðin er aðild að samningi þessum í samræmi við ákvæði 1. mgr. 46. gr.

2. Hverja breytingartillögu samningsaðila skal senda Evrópunefndinni um afbrotamálefni sem leggur álit sitt á breytingartillögunni fyrir ráðherranefndina.

3. Ráðherranefndin skal fjalla um breytingartillöguna og álit það sem Evrópunefnd um afbrotamálefni hefur lagt fram og getur ráðherranefndin samþykkt breytinguna að höfðu samráði við þau aðildarríki samnings þessa sem ekki eiga aðild að Evrópuráðinu.

4. Texti hvernar breytingar, sem ráðherranefndin samþykkir skv. 3. mgr. þessarar greinar, skal framsendur samningsaðilum til staðfestingar.

5. Sérhver breyting, sem er samþykkt skv. 3. mgr. þessarar greinar, öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðinn er einn mánuður frá þeim degi er allir samningsaðilar hafa tilkynnt framkvæmdastjóra Evrópuráðsins um að þeir hafi staðfest hana.

XIII. kafli – Lokaákvæði.

45. gr. – Undirritun og gildistaka.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar fyrir aðildarríki Evrópuráðsins, ríki utan þess, sem hafa tekið þátt í gerð hans, og Evrópubandalagið.

2. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

3. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi þegar fimm undirritunaraðilar, þ.m.t. þrjú aðildarríki Evrópuráðsins hið minnsta, lýsa sig samþykka því að vera bundnir af samningnum í samræmi við ákvæði undanfarandi málsgreinar.

4. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart hverju því ríki er um getur í 1. mgr. eða Evrópubandalaginu, sem síðar lýsir sig samþykkt því að vera bundið af honum, á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá því að skjal þess um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki er afhent til vörslu.

46. gr. – Aðild að samningnum.

1. Eftir gildistöku samnings þessa getur ráðherranefnd Evrópuráðsins, að höfðu samráði við samningsaðila og að fengnu samhljóða samþykki þeirra, boðið hverju því ríki, sem ekki er aðildarríki Evrópuráðsins og ekki hefur átt þátt í að semja samning þennan, aðild að honum og skal ákvörðunin tekin með þeim meirihluta sem tilskilinn er í d-lið 20. gr. stofnskrár Evrópuráðsins og með samhljóða atkvæðum fulltrúa þeirra samningsríkja sem eiga rétt til setu í ráðherranefndinni.

2. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart hverju því ríki sem gerist aðili að honum fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðildarskjal þess er afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.

47. gr. – Svæðisbundið gildissvið.

1. Hverju ríki eða Evrópubandalaginu er heimilt, við undirritun eða þegar það afhendir skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að tilgreina það eða þau yfirráðasvæði sem samningur þessi skal taka til.

2. Hverjum samningsaðila er heimilt, hvenær sem er síðar, að lýsa því yfir við framkvæmdastjóra Evrópuráðsins að samningur þessi nái einnig til hvaða annars yfirráðasvæðis, sem tilgreint er í yfirlýsingunni, enda annist hann alþjóðasamskipti fyrir það eða hafi heimild til að skuldbinda það. Samningurinn öðlast gildi, að því er slíkt yfirráðasvæði varðar, fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er framkvæmdastjórinn veitir slíkri yfirlýsingu viðtöku.

3. Heimilt er að afturkalla hverja þá yfirlýsingu sem er gefin samkvæmt tveimur undanfarandi málsgreinum og varðar hvert það yfirráðasvæði sem þar er tilgreint með tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins. Afturköllunin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er framkvæmdastjórinn veitir slíkri tilkynningu viðtöku.

48. gr. – Fyrirvarar.

Óheimilt að gera fyrirvara við ákvæði samnings þessa, að undanskildum fyrirvörum sem kveðið er á um með ótvíræðum hætti. Heimilt er að draga fyrirvara til baka hvenær sem er.

49. gr. – Úrsögn.

1. Hver samningsaðili getur hvenær sem er sagt sig frá samningi þessum með tilkynningu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins.

2. Úrsögnin tekur gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrjú mánuðir frá þeim degi er framkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

50. gr. – Tilkynning.

Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins, hverju undirritunarríki, hverju samningsríki, Evrópubandalaginu, hverju ríki sem boðið er að undirrita samning þennan í samræmi við ákvæði 45. gr. og hverju ríki, sem boðin er aðild að samningi þessum í samræmi við ákvæði 46. gr., um eftirfarandi atriði:

a) sérhverja undirritun,

b) afhendingu hvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild,

c) hvern gildistökudag samnings þessa í samræmi við 45. og 46. gr.,

d) allar breytingar sem samþykktar eru í samræmi við ákvæði 44. gr. og gildistökudag slíkra breytinga,

e) alla fyrirvara sem gerðir eru í samræmi við 48. gr.,

f) sérhverja uppsögn sem reist er á ákvæðum 49. gr.,

g) alla aðra gerninga, tilkynningar eða orðsendingar er varða samning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Lanzarote 25. október 2007 í einu eintaki á ensku og frönsku sem skal afhent skjalasafni Evrópuráðsins til vörslu og eru báðir textarnir jafngildir. Framkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda hverju aðildarríki Evrópuráðsins, hverju ríki utan þess sem hefur tekið þátt í gerð samnings þessa, Evrópubandalaginu og hverju ríki, sem boðið er að gerast aðili að samningi þessum, staðfest endurrit.

25 CETS 201 – Vernd barna gegn kynferðislegri misneytingu og kynferðislegri misnotkun,
25.X.2007
